 - 45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut — Sandgerði.
- 411 Arnarnesvegur.
- 412 Vífilsstaðavegur.
- 415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur — Álfanesvegur.
- 431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur.
- 433 Reykjalandarvegur.
- 51 Akranesvegur.
- 53 Hvítárvallavegur.
- 54 Ólafsvíkurvegur.
- 55 Heydalsvegur.
- 56 Stykkishólmsvegur:
Snæfellsnesvegur — Stykkishólmur.

- 57 **Snæfellsnesvegur.**
- 574 **Útnesvegur:**
Hellissandur — Ólafsvík.
- 60 **Vestfjarðavegur.**
Snæfellsnesvegur — Djúpvegur í Skutulsfirði.
- 61 **Djúpvegur.**
- 62 **Barðastrandarvegur.**
- 63 **Bíldudalsvegur.**
- 68 **Hólmavíkurvegur.**
- 1 **Norðurlandsvegur.**
- 72 **Hvammstangavegur.**
- 74 **Skagastrandarvegur:**
Norðurlandsvegur hjá Blönduósi — Skagaströnd.
- 75 **Sauðárkróksbraut.**
- 76 **Siglufjarðarvegur.**
- 82 **Ólafsfjarðarvegur.**
- 85 **Norðausturvegur.**
- 821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
Norðurlandsvegur — nyrðri vegamót Kristnesvegur.
- 845 **Aðaldalsvegur.**
- 1 **Austurlandsvegur.**
- 92 **Norðfjarðarvegur.**
- 93 **Seyðisfjarðarvegur.**
- 96 **Suðurfjarðavegur.**
- 99 **Hafnarvegur.**

3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

- F22 **Fjallabaksleið nyrðri:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulsárkvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).
- F28 **Sprengisandsleið:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).
- F35 **Kaldadalsvegur:**
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F78 Skagafjarðarleið:

Af Eyjafjarðarleið (F82) vestan Kiðagilsdraga um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (66 km).

F82 Eyjafjarðarleið:

Af Sprengisandsleið (F28) norðan Fjórðungsvatns um Eyjafjarðardal á Eyjafjarðarbraut vestri (821) hjá Hólsgerði (53 km).

F92 Gæsavatnaleið:

Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Uppþypingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. UM FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1979—1982.

1.1. Heildartekjur.

Ár	Bensíngjald	Þungaskattur	Gúmmígjald	Samtals
1979	7 483	1 850	107	9 440
1980	10 290	2 710	110	13 110
1981	10 770	3 200	115	14 085
1982	11 270	3 375	120	14 765

1.1.0. Bifreiðafjöldi.

Ár	Fjöldi	Innfl.	Afskráð	Fjöldi 31/12	Fjöldi 1/7	Þar af með bensínhr.
1978	78 010	8 870	3 200	83 680	80 850	72 730
1979	83 680	7 300	3 200	87 780	85 730	77 170
1980	87 780	7 800	3 600	91 980	89 880	80 900
1981	91 980	8 100	3 800	96 280	94 130	84 670
1982	96 280	8 400	4 000	100 680	98 480	88 560

Heldur hefur ræst úr innflutningi bíla síðustu tvö árin, eftir mikinn afturkipp 1975 og 1976, sem rekja má til mikilla hækkana á aðflutningsgjöldum og minnkandi kaupmáttar. Gera má ráð fyrir að heldur dragi aftur úr innflutningi árið 1979 og hann áætlaður 7 300 bílar, sem er í samræmi við fjárlagaforsendur. Spáin fyrir árin 1978—1982 byggir að mestu á langtímaspám Framkvæmdastofnunar frá árinu 1974. Fjöldi fólkubíla á 1000 íbúa er áætlaður 325 árið 1978, og mun verða 383 árið 1979. Er þetta heldur meira en í spá Framkvæmdastofnunar, en á móti kemur, að mannfjöldgun virðist ætla að verða minni. Í heild verður bílafjöldinn minni í lok áætlunartímabilsins, en í spá Framkvæmdastofnunarinnar.

1.1.1. Tekjur af bensíngjaldi.

Ár	Fjöldi	Meðaleyðsla l/bíl	Notkun m.ltr.	Gjald kr. pr. ltr.	Bensíngj. m.kr.
1979	77 170	1 620	125,0		7 483
1980	80 900	1 600	129,4	79,50	10 290
1981	84 670	1 600	135,5	79,50	10 770
1982	88 560	1 600	141,7	79,50	11 270

Tekjur af bensíngjaldi eru háðar fjölda bensínbifreiða og meðaleyðslu á bíl. Síðustu tvö ár hefur meðaleyðslan verið milli 1670—1685 lítrar.

Gert er ráð fyrir, að áhrif olíuhækkana gæti nokkuð í bensínsölu á árinu 1979 og meðalbensíneyðsla minnki niður í 1620 ltr. á bíl. Á árinu 1980 er áætlað, að hún minnki örlítið frekar en verði síðan óbreytt úr því.

Þær verðforsendur, sem liggja til grundvallar útreikningi tekna af bensíngjaldi, gera ráð fyrir, að verðbólga frá upphafi til loka árs 1979 verði 30% og að meðalhækkun verðlags milli 1979 og 1980 verði 25%. Síðustu tvö árin eru hins vegar á meðalverðlagi ársins 1980.

1.1.2. Tekjur af þungaskatti.

Ár	Árgjald m.kr.	Km-gjald m.kr.	Samtals m.kr.
1979	565	1 285	1 850
1980	735	1 975	2 710
1981	815	2 385	3 200
1982	815	2 560	3 375

1. Árgjald: Aðalreglan er, að árgjald sé innheimt af dieselbílum, sem eru að heildarþunga 3 t og minna. Þó er þeim, sem eiga bíla undir 3 t að heildarþunga, heimilt að velja á milli km-gjalds og árgjalds. Af þessu sést að nokkuð erfitt er að áætla hve margir velja að greiða fast árgjald, þar sem hver og einn hefur reyndar möguleika á að lágmarka skattgreiðslu sína með vali á skattformi. Hér er gert ráð fyrir, að eigendur dieselbíla notfæri sér í auknum mæli heimild til að greiða eftir mæli og að fjöldi þeirra bíla, sem greiða árgjald, aukist því ekki á áætlanatímabilinu. Áætlaður fjöldi þessara bíla er 3 150, en það er svipað hlutfall og 1978. Af þeim eru um 2 000 í eign bænda, sem fá 50% afslátt. Verðforsendur í útreikningi þungaskatts eru sömu og varðandi bensíngjald.

Ár	Fjöldi dieselb.	Gjald m.kr.	Skattur brúttó m.kr.	Afföll	Skattur nettó m.kr.
1979: Bændur	2000	138	276		
Aðrir	1150	277	319		
			— 608	5%	565
1980: Bændur	2000	180	360		
Aðrir	1150	360	414		
			— 774	5%	735
1981: Bændur	2000	200	400		
Aðrir	1150	400	460		
			— 860	5%	815
1982: Bændur	2000	200	400		
Aðrir	1150	400	460		
			— 860	5%	815

2. Km-gjald: Tekjur af km-gjaldi eru reiknaðar út frá innheimtu síðustu ára. Fyrirkomulag innheimtu er þannig, að árinu er skipt í þrjú tímabil og hefst það fyrsta 1. febrúar. Gjaldskrá verður að hækka á sömu dögum, þannig að tekjur af hækkun, sem tekur gildi um áramót, byrjar fyrst að skila sér í júní.

Ár	Km-gjald m.kr.
1979	1 285
1980	1 975
1981	2 385
1982	2 560

1.1.3. Tekjur af gúmmígjaldi.

Ár	Bifr. 1/7	Notk. pr. bíl kg	Samt. tn.	Innfl. léttir 60 kg á bíl	Innfl. þungir 250 kg á bíl	Samt. tn.	Alls tn.	Tekjur m.kr.
1979	85 730	21	1 800	6 880	620	568	2 368	107
1980	89 880	21	1 887	7 160	640	590	2 477	110
1981	94 130	21	1 977	7 440	660	611	2 588	115
1982	98 480	21	2 068	7 710	690	635	2 703	120

1.1.3. Tekjur af gúmmígjaldi.

Tekjur af gúmmígjaldi eru háðar innflutningi bíla og dekkjakaupum vegna slíts dekkja á þeim bílum, sem hér eru í notkun. Meðalslit á bíl er hér áætlað 21 kg, sem er í samræmi við meðaltal undanfarinna ára.

Gúmmígjald er haft óbreytt út áætlunartímann, (45 kr. á kg), þar sem ekki er talið rétt að leggja háa sérskatta á rekstrarvöru, sem hefur eins mikil áhrif á öryggi farþega og hjólbarðar hafa.

1.1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag er 522 m.kr. á árinu 1979. Um seinni árin vísast til kafla 1.2.2.

1.2.1. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun til vegagerðar er ráðgerð alls 3 130 m.kr. 1979. Erlend lánsfjáröflun er 930 m.kr. og innlend 2 200 m.kr. Um seinni ár vegáætlunar vísast til kafla 1.2.2.

1.2.2. Önnur fjáröflun.

Á þessu stigi er ekki tekin afstaða til þess með hvaða hætti þessa fjár verði aflað. Verður að líta svo á að eðlilegra sé að taka þetta mál upp samhliða frekari stefnumörkun fjárlaga næsta árs.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

2.0.0. Verðgrundvöllur vegáætlunar.

Meðalhækkun verðlags frá árinu 1978 til 1979 er áætluð 35%. Er það í samræmi við þær spár, sem settar hafa verið fram af Þjóðhagsstofnun.

Hvað varðar seinni ár vegáætlunar, þá er gert ráð fyrir, að verðlagshækkun frá upphafi árs 1979 til loka þess verði 30% og að meðalhækkun verðlags milli árána 1979 og 1980 verði 25%. Seinni tvö árin eru síðan á sama verðlagsgrunni og árið 1980 Þau markmið og stefnur, sem fram koma í fjárveitingum til einstakra liða vegáætlunar, verður að skoða með tilliti til ofangreindrar verðþróunar.

2.0.1. Starfsmannamál.

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 438 um síðustu áramót. Þar af voru 132 á kjörum opinberra starfsmanna. Gert er ráð fyrir, að heimiliðum stöðum skv. kjarasamningum B. S. R. B. og B. H. M. verði fjölgað um þrjár hvort ár fyrri tvö árin og tvær hvort ár síðari tvö árin. Er hér um að ræða 6 stöður mælingamanna og 4 stöður tæknifræðinga. Þessi aukning heimilaðra staða er síðasta skref þess að manna tæknideildir umdæmisskrifstofanna, sem settar voru á stofn fyrir nokkru. Stór hluti mælingaverkefna er nú leystur með lausráðnum mönnum, sem starfa hluta ársins. Er talið að fækka megi mælingaflokkum á sumrin með því að fastráða mælingamenn, sem starfa allt árið.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfstéttum og í umdæmi.

Alpt. 1978. A. (100. löggjafarþing).

261

Ársmenn hjá Vegagerð ríkisins í janúar 1979

	Rvík	Reykja- nes	Suður- land	Vestur- land	Vest- firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur- land	Borgar- fjarðar- brú	Jan. '79	SAMTALS Jan. '78	Jan. '77
Skrifstofa, yfirstjórn	20	2	3	1	1	2	4	1		33	36	35
Verkfræðilegur undirbúningur	34	3	4		4	3	4	4		56	52	51
Vegaefirlit	4									4	4	4
Starfsm. áhaldah. skv. Ifl. BSRB	14						1			15	17	17
Iðnlærðir verkstjórar	7	1	1			1	4	2	2	18	17	17
Verkstjórar	12	11	12	9	6	15	15	15	80	74	74	80
Iðnaðarmenn	26	1	5	2	2	6	3	3	11	56	67	65
Vélamenn	24	11	22	11	10	20	15	15	3	116	122	121
Verkamenn	21	2	7	1	1	7	7		9	48	65	67
Ráðskonur, matráðskonur	6	1				3			2	12	16	17
Fastir starfsmenn í jan. 1979	168	32	54	28	25	64	40	40	27	438	470	474
Fastir starfsmenn í jan. 1978	162	31	57	29	25	67	46	46	53		470	
Fastir starfsmenn í jan. 1977	167	30	65	27	25	71	47	47	42			474

2.1. Stjórn og undirbúningur.

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Ekki verður hækkun á þessum lið umfram verðhækkanir, enda ekki fyrirhugaðar grundvallarbreytingar á rekstri bókhaldsskrifstofu og aðalskrifstofu. Haldið verður áfram að þróa bókhaldsvinnslu Vegagerðarinnar, sem nú hefur farið fram á tölvu í fjögur ár með góðum árangri. Reynslan sem fengist hefur af þessari breytingu sýnir að tekist hefur að gera bókhaldið að virku tæki til kostnaðareftirlits og bættrar áætlanagerðar. Verður lögð áhersla á að nýta þessa möguleika enn frekar á næstu árum og þá sérstaklega aukin tengsl bókhalds og áætlanagerðar.

2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveitingu þessa liðar verður varið til greiðslu dagvinnulauna fastra starfsmanna og rekstrarkostnaðar tækniskrifstofu. Þau verkefni, sem einkum lenda á þessum lið auk stjórnunarstarfa, eru því hönnunarkostnaður verkefna, sem ekki hafa fjárveitingu, svo og ýmis konar rannsóknir og áætlanagerð. Hönnunar- og eftirlitskostnaður þeirra verkefna, sem eru í framkvæmd hverju sinni, verður eftir sem áður færður á þau, eftir því sem við á.

2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirliti og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun með því að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara, en þeir spara mikið mannahald í sambandi við aflestra.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til manna, sem ekki hafa aðgang að lífeyrissjóði vegna stutts greiðslutíma iðgjalda. Í því tilfalli greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum manna, sem fullan rétt hafa. Á s. l. ári nutu alls 37 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir, að þessi tala hafi náð hámarki, þar sem almennir lífeyrissjóðir munu í framtíðinni taka við þessum greiðslum.

2.2. Viðhald þjóðvega.

Viðhald þjóðvega er skipt niður í tvo meginþætti, sumarviðhald og vetrarviðhald.

Í meðfylgjandi töflu er fjármagnspörf til viðhalds vega ásamt tillögum um fjárveitingar 1979—82 og hlutfall þess af þörf (sjá lið 2.2.1.).

Kostnaðarliðir	Þörf viðhalds 1979		Þörf viðhalds 1980		Þörf viðhalds 1981		Þörf viðhalds 1982		Hlutf. af þörf	
	m.kr.	Tillaga 1979 m.kr.	m.kr.	Tillaga 1980 m.kr.	m.kr.	Tillaga 1981 m.kr.	m.kr.	Tillaga 1982 m.kr.	%	Hlutf. af þörf %
1. Sumarviðhald										
1.1. Viðhald malarvega	2058	1516	2609	2043	2649	2174	2688	2282	82	84
1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	552	365	700	548	710	584	721	612	82	85
1.3. Viðhald brúa	259	185	328	257	333	274	338	287	82	85
1.4. Viðhald varnargarða	34	25	43	34	44	36	44	38	82	85
1.5. Heflun vega	1124	745	1425	1035	1447	1109	1468	1163	76	79
1.6. Rykbinding	386	172	489	322	497	341	504	411	69	82
1.7. Vinnsla efnis	914	780	1159	1008	1176	1068	1193	1121	91	94
1.8. Vatnaskaðar og ófyrirseð	196	170	249	223	252	234	256	246	92	96
1.9. Vegmerkingar	50	42	63	50	59	50	55	50	85	90
	5573	4000	7065	5520	7167	5870	7267	6210	82	85
2. Vetrarviðhald										
		1252		1300		1300		1300		
Samtals	5.252	6.820	7.170	7.510						

2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanfórnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds verið af mjög skornum skammti og hvorki fylgt verðlagsþróun, né tekið tillit til aukinnar umferðar. Á fskj. 2.2.1.-01 er sýnd þróun fjárveitinga til viðhalds frá 1968.

Gerð hefur verið úttekt á þörf fjármagns til sumarviðhalds þjóðvega. Við þá úttekt eru hafðar til hliðsjónar gæðakröfur svía og norðmanna til sinna þjóðvega. Með tilliti til þess að hér er svo langt í land með að koma þjóðvegakerfinu í viðunandi ástand er þó nokkuð slakað á kröfunum um gæði veganna.

Við úttektina var miðað við, að allir vegir væru í viðhaldshæfu ástandi, þ. e. burðarþol, afvötnun og slitlag væri fyrir hendi, en mikið vantar á að svo sé.

Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar síðustu ára verið um og innan við 60% af þörfinni. Veruleg aukning viðhaldsfjár er því mjög aðkallandi, og er tekið nokkurt tillit til þess í tillögunni. Þannig er fjárveiting 1979 um 72% af þörf og hækkar það hlutfall nokkuð síðari ár áætlunartímabilsins. Hefur þá verið tekið tillit til þess að fjármagnsþörf eykst um 1.5% á ári vegna aukinnar umferðar. Þessar tillögur verða að skoðast sem algert lágmark, ef komast á út úr því neyðarástandi, sem nú ríkir á miklum hluta vegakerfisins.

Enn er mikið af malarvegum með þunga umferð. Þannig eru 157 km með meiri sumarumferð en 750 bíla á dag og 1744 km með meiri sumarumferð en 200 bíla á dag.

Gerð hefur verið lausleg athugun á hagkvæmni mismunandi slitlaga, með tilliti til viðhaldskostnaðar vega og aksturskostnaðar bifreiða. Leiðir hún í ljós að hagkvæmt væri að leggja olíumöl eða annað álíka slitlag á alla vegi með meiri sumarumferð en 200 bíla á dag. Viðhaldskostnaður mundi að vísu aukast um 500 m. kr. á ári, en aksturskostnaður umferðarinnar mundi lækka um 3 500 m. kr. á ári, þannig að þjóðhagslegur sparnaður væri 3 000 m. kr. á ári. Tölurnar eru á verðlagi í ágúst 1978.

Við skiptingu fjárveitinga á hina ýmsu liði sumarviðhalds, er lögð sérstök áhersla á að bæta slitlag malarveganna og minnka þannig aksturskostnað vegfarenda.

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Undir þennan lið fellur meðal annars endurnýjun malarlitlaga, ræsagerð, rásagerð, skurðgröftur, nauðsynleg styrking, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlaga er að mestu leyti háð umferð, en úrkoma, bratti og fleira hefur einnig mikil áhrif. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarlitlag eins og hér er tilgreint:

Sumardagsumferð bílar/dag	Ár á milli endurnýjunar slitlaga	Lengd akfærra malarvega km	Árleg endur- nýjun slitlaga km
Minni en 50	9,0	2884	320
50— 100	7,5	1841	245
100— 200	6,4	1712	268
200— 300	5,2	687	132
300— 500	3,7	638	172
500— 750	2,5	262	105
750—1000	1,6	79	49
Meiri en 1000	1,3	78	60
	Samtals	8 181	1 351

Árið 1978 var ekið slitlagi í 918 km af malarvegum og 1977 var ekið í 959 km eða sem svarar um 69% af þörf, ef tekið er meðaltal árunna 1977—78.

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en allt of oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggist og veldur það stórhættu fyrir umferðina. Þetta er m. a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

Árlega þarf að nota mikið fjármagn til viðgerða á vorskemmdum og kemur það til vegna þess, hve burðarlag veganna er þunnt.

Árið 1978 skiptist kostnaður við viðhald malarvega sem hér segir:

Eftirlit og hreinsun	110 m. kr.
Umferðarmerki, stikur, leiðarar	34 —
Mólbúður	722 —
Ræsi, skurðir, rásir	109 —
Viðgerðir á malarvegum	108 —
Ýmis kostnaður	38 —

Samtals 1 121 m. kr.

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Á síðasta ári var varið til viðhalds vega með bundnu slitlagi 220 m.kr., sem skiptast í eftirfarandi kostnaðarliði:

Eftirlit og hreinsun	8 m.kr.
Umferðarmerki, stikur, leiðarar	13 —
Vegmálun	23 —
Umferðarljós, lýsing	13 —
Yfirlagnir	145 —
Axlar	9 —
Viðgerðir	9 —

Samtals 220 m.kr.

Fjármagnsþörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi er fundin miðað við að um sé að ræða olíu- eða malbiksslitlag. Af öllum vegum með bundnu slitlagi eru 47 km eða um 20% með steypu slitlagi sem hefur ekki þurft að endurnýja enn þá.

Vegna þessa er útreiknuð fjármagnsþörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi of há í dag, en er rétt sé litið til lengri tíma. Á næstu árum mun verða nauðsynlegt að endurnýja slitlag steypa hluta Reykjanesbrautar vegna hjólfaramyndunar, og mundi það kosta um 350 m.kr. miðað við malbik á verðlagi í ágúst 1978.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Gert er ráð fyrir að svipað hlutfall af viðhaldsfé renni til viðhalds brúa og undanfarin ár. Vegna þess hve endurbyggingu brúa miðar hægt er viðhaldsþörfin meiri en hún væri við eðlilegar aðstæður. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og þær hafa verið undanfarin ár.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Gert er ráð fyrir að 25—38 m.kr. verði varið á hverju ári til viðhalds varnargarða. Erfitt er að áætla þessar framkvæmdir fram í tímann, en tölurnar eru miðaðar við reynslu fyrri ára og fyrirsjáanlega þörf á viðhaldi garða á Skeiðarársandi.

2.2.1.5. Vegheflun.

Á síðasta ári varð kostnaður við heflun malarvega 542 m.kr., þrátt fyrir mjög strangt aðhald og að reynt var að minnka heflun eins og unnt var vegna fjárskorts.

Vegheflun er ekki unnt að minnka neitt að ráði, því að verði langt tímabil á milli heflinga myndast djúpar og stórar holur, sem auk þess að vera hvítleiðar fyrir umferðina valda því, að næsta heflun verður mun dýrari.

Fjármagnspörfin til heflunar er fundin þannig, að settar eru ákveðnar gæðakröfur um yfirborðssléttleika. Til þess að hægt sé að ná þeim yfirborðssléttleika verður að vera malað efni í slitlagi og auk þess rykbundið. Þar sem þessum tveim síðustu skilyrðum er ekki fullnægt, er á þessu stigi ekki hægt að ná þeim gæðum sem notuð eru sem forsendur við útreikning á fjármagnspörf. Af þessum ástæðum er lagt til að fjárveiting til heflunar yfir áætlunartímabilið verði aðeins 66% fyrir árið 1979 og aukist í 79% í lok áætlunartímabilsins.

2.2.1.6. Rykbinding.

Á síðasta ári var varið til rykbindingar um 63 m.kr. og voru rykbundnir að vissu marki um 306 km af malarvegum.

Til þess að full not verði af rykbindingu þarf að vera gott mulið slitlag í vegunum og vegirnir þurfa að hafa nægilega afvötnun. Eins og áður er sagt er þetta ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Við útreikning á fjármagnspörf er gert ráð fyrir að allir malarvegir er hafa umferð meiri en 200 bíla á dag miðað við sumarumferð verði að fullu rykbundnir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að rykbinda þá vegi er tilbúnir eru til þess og auka svo rykbindingu smátt og smátt.

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malar slitlags, því lengur endist það í veginum.

Árið 1978 var unnið eftirfarandi magn slitlagsefnis:

Malað efni	198 000 m ³
Harpað efni	80 000 m ³

Árlega þarf að vinna um 470 000 m³ af slitlagsefni og er það miðað við malað efni. Unnið hefur verið um 59% af því efni sem talið er nauðsynlegt.

Hlutfall fjárveitinga af þörf er hærra fyrir vinnslu efnis en fyrir aðra áður nefnda viðhaldsliði og er það vegna þess að leitast er við að bæta slitlag malarveganna, en það er forsenda þess að hægt sé að bæta yfirborðssléttleika slitlagsins.

2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur miklu fé verið varið til viðgerða á vegum vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Samkvæmt mati á þessum kostnaðarlið fyrir síðustu ár er fjármagnspörf talin um 200 m.kr.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 42.0 m.kr. á árinu 1979, en hækki í 50.0 m.kr. á árunum 1980—82. Reiknað er með, að haldið verði áfram endurbótum á aðvörunarmerkingum og hafin verði vinna við uppsetningu vagnúmera við helstu þjóðvegi landsins.

Hluta af þessari fjárveitingu verður eins og undanfarin ár varið til að setja upp ný merki samkvæmt nýrri reglugerð um umferðarmerki og til viðhalds eldri merkja.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Á undanförunum árum hefur kostnaður við vetrarviðhald verið eins og sýnt er á eftirfarandi töflu. Að meðaltali hefur kostnaður verið um 719 m.kr. miðað við verðlag í ágúst 1978, þ. e. vísitölu 100, sé tekið mið af síðustu 11 árum.

Ár	Vetrarviðhald m.kr.	Visitala viðhalds- kostnaðar	Á verðl. 1978 m.kr.	HHlutfallstala miðað við meðaltal
1968	32,7	5,30	617	86
1969	34,1	6,48	526	73
1970	49,9	7,19	694	96
1971	54,7	8,33	657	91
1972	54,1	9,98	542	75
1973	99,1	12,5	793	110
1974	164,0	20,4	804	112
1975	324,7	33,4	972	135
1976	315,8	43,8	721	100
1977	500,3	67,7	739	103
1978	845,1	100,0	845	117
Meðaltal árána 1968—1978 ..			719	

Á síðasta ári varð kostnaður við vetrarviðhald 845 m.kr., en fjárveiting var 620 m.kr., þannig að kostnaður varð 225 m.kr. umfram fjárveitingu. Þessa umfram-eyðslu þarf því að greiða af fjárveitingu ársins 1979, og er hún miðuð við það.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega aukast nokkuð í heild frá því sem verið hefur undanfarið ár. Þetta á þó ekki við um árið 1979, en þá vantar nokkuð á að sama framkvæmdamagn náist og 1978. Veruleg aukning framkvæmdafjár verður 1978, en þá er gert ráð fyrir fjárveitingu, sem jafngildir meðaltali þess fjármagns, sem rann til nýrra þjóðvega árin 1970—1979. Seinni tvö árin er svo gert ráð fyrir litils háttar aukningu fjárveitinga.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Sú aukning í fjárveitingum, sem hér er gert ráð fyrir 1980—82 fer að stærstum hluta til stofnbrauta, enda þörfin mest þar. Með þeim fjárveitingum, sem verið hafa hin síðustu ár til stofnbrauta, hefur reynst mjög erfitt að takast á við stærri verkefni á stofnbrautum. Þá hefur heldur ekki verið unnt að hefja lagningu bundinna slitlaga í þeim mæli að verulega munaði um.

Mjög aðkallandi er að sinna báðum þessum verkefnaflokkum í mun ríkari mæli en verið hefur undanfarið. Margir veikustu hlekkirnir í vegakerfinu verða ekki endurbættir nema með kostnaðarsömum framkvæmdum, sem ljúka þarf við á tiltölulega skömmum tíma til að þær komist í gagnið. Enn eru í tölu malarvega vegakafar með mjög mikla umferð, og verður þessum vegum vart haldið í viðunandi ástandi meðan svo er. Er brýnt að leggja bundið slitlag á slíka vegarkafila. Ennfremur er mjög mikilvægt að hefja lagningu bundins slitlags á vegum við þéttbýli, til að draga úr þeirri mengun sem umferð veldur við slíkar aðstæður. Loks er á það að líta að lagning bundins slitlags á mikla umferðarvegi er arðbærasta fjárfesting, sem völ er á í vegakerfinu.

Með þeim tillögum um fjárveitingar, sem hér eru gerðar, verður nokkurt svigrúm til að sinna báðum ofangreindum verkefnaflokkum, jafnframt því sem almenn vegagerð á stofnbrautum fær aukið fjármagn til umráða. Þar sem miklu máli skiptir fyrir hagkvæmni við framkvæmd stærri verka og lagningu slitlaga að fjárhagslegur grundvöllur sé ákveðinn fram í tímann er hér gert ráð fyrir, að fjárveitingum til stofnbrauta sé skipt í þrjá verkefnaflokka, og er skiptingin sýnd í meðfylgjandi töflu.

	1979	1980	1981	1982
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
a) Almenn verkefni	1965	3500	3700	3740
b) Bundin slitlög	500	950	1400	1800
c) Sérstök verkefni	1000	3200	2900	2800

a) Almenn verkefni.

Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum. Þannig er gert ráð fyrir, að nýbygging vegar með bundnu slitlagi fái að jafnaði alla fjárveitingu sína af þessum lið, einnig til að leggja slitlagið. Ennfremur gætu einstakar brýr, sem bundnar eru ákveðnum vegaframkvæmdum, fengið fjárveitingu undir þessum lið.

b) Bundin slitlög.

Miðað er við að fjárveitingar af þessum lið verði fyrst og fremst notaðar til að leggja bundið slitlag á þá vegarkafla, sem við því geta tekið án mikilla lagfæringa. Allmikið er um slíka kafla í vegakerfinu, og er lagning bundins slitlags á þá í mörgum tilvikum mjög arðbær fjárfesting, eins og áður var að vikið.

c) Sérstök stærri verkefni.

Með sérstakri fjárveitingu til stærri verkefna skapast nýr og betri grundvöllur til að undirbúa þessi verk í tæka tíð og skipuleggja framkvæmd þeirra. Miðað er við að fjárveitingar undir þessum lið standi einnig undir brúagerð og lagningu bundins slitlags á viðkomandi kafla. Með tilliti til þess, að í þessum flokki verða tiltölulega fá og stór verk, er eðlilegt að gera áætlun um skiptingu fjárveitinga til þeirra fyrir öll fjögur ár áætlunartímabilsins, þó að sundurliðun á önnur verk nái einungis til þriggja ára.

Í fyrstu yrðu þessar fjárveitingar einkum notaðar til að halda áfram þeim sérstöku verkefnum, sem þegar er byrjað á, svo sem Þingvallavegi, Borgarfirði og Holtavörðuhéiði. En meðal verkefna sem vinna ætti að á áætlunartímabilinu mætti nefna Biskupstungnabraut frá Suðurlandsvegi að Þingvallavegi, vegasamband milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur (Hafnarfjarðarveg eða Reykjanesbraut), veg yfir Ónundarfjörð, tengingu Inn-Djúps, brú á Héraðsvötn á Grundarstokk, veg um Víkurskarð og veg um Hvalnes- og Þvottárskriður.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Gert er ráð fyrir sömu þróun í fjárveitingum til þjóðbrauta og til stofnbrauta og áður var gerð grein fyrir. Nokkur minnkun verður 1979 borið saman við 1978, en veruleg aukning 1980, og helst hún út áætlunartímabilið.

2.3.3. Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.

Í árslok 1978 námu ógreiddar kröfur vegna girðinga samkvæmt girðingarlögum alls um 700 m.kr.

Samkvæmt úttekt gerðri á árinu 1978 á eftir að græða upp um 1990 ha og er kostnaður við það um 290 m.kr. á verðlagi í ágúst 1978. Á síðasta ári var fjárveiting til girðinga og landgræðslu 70 m.kr. og var varið 60 m.kr. til girðinga og 10 m.kr. til landgræðslu.

Lagt er til að fjárveiting til girðinga og uppgræðslu fyrir árið 1979 verði 92 m.kr., en 170 m.kr. fyrir hvert af árunum 1980—82.

Gert er ráð fyrir að skipta fjárveitingum á milli girðinga og uppgræðslu í sömu hlutföllum og á síðasta ári.

2.4 TIL BRÚAGERÐA.

Fjárveitingar til brúagerða fylgja sömu þróun á áætlunartímabilinu og fjárveitingar til nýrra vega. Fjárveitinguna ber að skoða sem lágmarksfjármagn til brúagerða, en gert er ráð fyrir, að brýr verði einnig fjármagnaðar af fjárveitingum til stofnbrauta. Með þessu móti væri tryggt að endurbyggingu gamalla brúa á aðalvegakerfi landsins miðaði nokkuð áfram, en það er brýnasta verkefnið í brúagerð um þessar mundir.

2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Samkvæmt 3.3 eru aðalfjallvegir taldir um 780 km. Lagt er til, að fjárveiting til þeirra verði 21.0 m.kr. á árinu 1979, en 38.0 m.kr. á árunum 1980—82.

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 28.0 m.kr. á árinu 1979, en 40.0 m.kr. á árunum 1980—82.

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 24.0 m.kr. á árinu 1979, en 38.0 m.kr. á árunum 1980—82.

2.5.4. Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 3.0 m.kr. á árinu 1979, en 4.0 m.kr. á árunum 1980—82.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Samkvæmt ákvæðum í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalda við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan. Þann 1. desember 1978 var þetta tímakaup 890 kr. á klst.

Samkvæmt vegalögum frá 1976 er ríkisframlag eigi lægra en tveimur og hálfum sinnum heimaframlag, sem kveðið er á um í 21., 23. og 26. grein sömu laga.

Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1979—1982 áætlaðar eins og hér segir:

	1979	Upphæðir í millj. kr.			1982
		1980	1981	1982	
Skv. 21. og 26. gr. vegalaga	231,6	301,1	301,1	301,1	
Skv. 23. gr. vegalaga	43,7	56,9	56,9	56,9	
Aukaheimaframlag	39,2	51,0	51,0	51,0	
Aukaríkisframlag	98,0	127,5	127,5	127,5	
Ríkisframlag skv. 21. gr., og 26. gr. vegalaga	439,5	537,5	688,3	815,8	
Samtals	852,0	1 224,8	1 431,5	1 431,5	

2.7. Til vega í kaupstöðum og kaupþúnum.

Samkvæmt 32. gr. vegalaga renna 12½% af mörkuðum tekjum vegamála hvert ár til þessara vega og skal ¾ hlutum framlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirra þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en ¼ hluta fjárisins er ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis, eins og segir í 34. gr. vegalaga.

	1979	1980	1981	1982
Heildarframlag samkv. 32. gr.	1 190	1 640	1 760	1 845
¼ hluti skv. 34. gr.	297	410	440	461
Til skipta skv. íbúatölu þann 1. des. s.l.	893	1 230	1 320	1 384

Áætluð íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1978 er 196 700. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um 4 540 kr. árið 1979.

2.8 TIL VÉLAKAUPA OG BYGGINGAR ÁHALDAHÚSA.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar 1979—82 er gert ráð fyrir, að fjárveiting til véla- og verkfærakaupa hækki frá fyrri vegáætlun í 58 m. kr. á árinu 1979 og síðan í 80 m. kr. á árunum 1980—82.

Gert er ráð fyrir, að því fé ásamt afskriftafé véla verði eins og að undanfögnu, fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum, vélum til malarvinnslu, vélum til brúagerða o. s. frv.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árinu 1979 er gert ráð fyrir að fjárveiting verði 85 m. kr., en verði síðan hækkuð í 120 m. kr. á árunum 1980—82.

Fjárveitingum þessum, ásamt hluta af rekstrartekjum véla og hluta af áhaldaleigu, verður varið til þess að sinna mörgum aðkallandi verkefnum, sem standa fyrir dyrum eða verið er að vinna að.

Helstu verkefni sem unnið er að eru bygging áhaldahúsa á Ólafsvík, Ísafirði, Sauðárkróki og Reyðarfirði.

Í Reykjavík er verið að byggja hús fyrir birgðadeild, sem þá verður sameinuð á einn stað, en hún hefur verið til húsa á tveim stöðum. Skrifstofa Vegagerðarinnar er nú í þrem stöðum til mikils óhagræðis fyrir starfsemina. Nú hefur fengist aukilið húsnæði í Borgartúni 7 og er unnið að því að flytja hluta skrifstofu þangað og þar með stigið skref til sameiningar starfseminnar.

Auk þess verður þessum fjárveitingum varið til þess að sinna öðrum minni, en jafnframt mjög aðkallandi verkefnum, eins og t. d. að undirbúa lóðir og aðstöðu á öðrum bælistöðvum Vegagerðarinnar viðsvegar um landið.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveiting þessi er ½% af mörkuðum tekjum vegasjóðs samkvæmt lögum. Er áætlað, að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

III. Um flokkun vega.

3.1 Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar viðbætur frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.—01 eru sýndar í töfluforni vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi eins og þær voru 1. janúar 1979.

3.2.1. Stofnbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust stofnbrautir skv. vegáætlun 1977—1980:

60 . Vestfjarðavegur.

Vesturlandsvegur — Snæfellsnesvegur verði þjóðbraut. Auk þess nokkrar minniháttar orðalagsbreytingar á lýsingu annara vega.

Nýir vegir:

343 Álfsstétt.

Af Eyrarbakkavegi að Eyrarbakka.

411 Arnarnesvegur.

Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, um Nónhæð á Reykjanesbraut við Hnoðraholt.

Í fylgiskjali 2.3.1.—01 eru vegalengdir stofnbrauta miðað við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim sem töldust þjóðbrautir skv. vegáætlun 1977—1980: 22 Dalavegur, tengist frá Smáragötu að Básaskersbryggju, númerið breytist einnig. 240 Stórhöfðavegur, breyting á legu næst Vestmannaeyja-kaupstað, einnig breyting á númeri. 250 Dímonarvegur, breyting á legu.

622 Svalvogavegur, lagt er til að kaflinn frá Sveinseyri að Lokinhömrum falli niður. 706 Núpsdalsvegur, lagt er til að kaflinn frá Neðra-Núpi að Miðfjarðarvegi falli niður. 742 Mýravegur, lagt er til að við bætist kaflinn frá Skrapatungu að Þverárfjallsvegi, en kafli þessi tilheyrði áður 743 Laxárdalsvegi, sem lagt er til að falli niður að öðru leyti. 748 Reykjastrandarvegur, lagt er til að vegurinn lengist frá Fagranesi að Hólakoti. 821 Eyjafjarðarbraut vestri, lagt er til að vegurinn lengist að Hólsgærði. 827 Sölvadalsvegur, lagt er til að kaflinn frá Eyvindarstöðum að Þormóðsstöðum falli niður. 866 Austursandsvegur, lagt er til að vegurinn lengist frá Skógum að Akursseli. 943 Hjaltastaðarvegur, lögð er til sú breyting að vegurinn liggji frá Sandbrekku yfir Selfljót á 94 Borgarfjarðarveg hjá Gagnstöð í stað þess að liggja um Hrafnabjörg á 94 Borgarfjarðarveg hjá Unaósi.

Auk þess eru lagðar til orðalagsbreytingar á lýsingu nokkurra vega.

Þá er lagt til að eftirfarandi vegir verði teknir í tölu þjóðbrauta:

458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.

579 Flugvallarvegur Stykkishólmi: Af Stykkishólmsvegi við Nesveg að flugvelli.

616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.

621 Mosdalsvegur: Af Vestfjarðavegi í Dynjandisvogi að Ósi í Mosdal.

623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.

626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.

631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.

646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.

647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.

792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.

820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að flugvelli.

870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi að Kópaskeri.

- 871 Flugvallarvegur Kópaskeri: Af Norðausturvegi norðan Kópaskers að flugvelli.
 873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.
 966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kaupsíms.
 988 Flugvallarvegur Örafum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

Í fylgiskjali 2.3.2.—01 eru vegalengdir þjóðbrauta miðað við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.3 AÐALFJALLVEGIR.

Aðalfjallvegir eru þeir sömu og í vegáætlun fyrir árin 1977—1980.

Sú breyting er þó gerð að Sprengisandsleið er nú aðeins talin sú leið, sem liggur af Þjórsárdalsvegi við Sigölduvirkjun á Bárðardalsveg vestri hjá Mýri í Bárðardal, en álmur þær, sem áður voru taldar með Sprengisandsleið fá nú sérstök nöfn, þ. e. Skagafjarðarleið, Eyjafjarðarleið og Gæsavatnaleið. Þetta stafar m. a. af því að aðalfjallvegir hafa nú verið númeraðir á svipaðan hátt og þjóðbrautir og stofnbrautir. Byggist númerakerfi þeirra á bókstafnum F og tveimur tölustöfum.

Auk framanskráðrar breytingar hefur sú breyting verið gerð á Eyjafjarðarleið (áður Sprengisandsleið) að vegurinn liggur nú um Eyjafjarðardal á Eyjafjarðarbraut vestri í stað þess að liggja um Hólafjall á Sölvadalsveg.

Einnig hefur sú breyting verið gerð á Gæsavatnaleið, að hún liggur frá brú á Kreppu á Austurlandsveg hjá Möðrudal í stað þess að liggja austur á Jökuldalsveg.

Fskj. 2.2.1.—01

Sumarviðhald þjóðvega

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Visitata viðhalds	Viðhaldskostn. miðað við verðlag 1978 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldskostn. á km miðað við verðlag 1978. Þús. kr.	Bílafjöldi í árshyrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.km.	Viðhaldsk. á hvern ekinn km miðað við verðlag 1978. kr.
1968	149,0	6,03	2471	8920	277	42,117	272	9,1
1969	150,2	7,36	2041	8186	249	43,606	290	7,0
1970	179,3	8,18	2192	8186	268	43,567	308	7,1
1971	218,1	9,49	2298	8148	281	47,011	328	7,0
1972	303,6	11,4	2663	8164	326	52,489	349	7,6
1973	334,0	13,9	2403	8104	297	57,155	371	6,5
1974	680,0	22,3	3049	8211	371	63,189	395	7,7
1975	840,0	36,4	2308	8336	277	71,364	420	5,5
1976	1172,0	46,9	2499	8336	300	71,459	420	6,0
1977	1437,0	67,5	2129	8336	255	73,410	449	4,7
1978	2655,0	100,0	2655	8409	316	78,481	450	5,9
1979	3958,0							
1980	5470,0							
1981	5820,0							
1982	6160,0							

Þjóðvegir 1. janúar 1979

	Stofnbrautir km	Þjóðbrautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóðvegir km
Suðurlandskjördæmi	458,8	1 125,2	14,4	1 598,4
Reykjaneskjördæmi	179,7	183,2	62,0*)	424,9
Vesturlandskjördæmi	538,6	862,9	12,7	1 414,2
Vestfjarðakjördæmi	792,2	539,9	14,2	1 346,3
Norðurlandskjördæmi vestra	367,3	754,5	11,5	1 133,3
Norðurlandskjördæmi eystra	565,0	643,6	14,6	1 223,2
Austurlandskjördæmi	869,1	588,3	22,8	1 480,2
Samtals	3 770,7	4 697,6	152,2	8 620,5

*) Lengd þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík meðalin.

Stofnbrautir 1. janúar 1979

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	11,9	446,9	458,8
Reykjaneskjördæmi	6,4	173,3	179,7
Vesturlandskjördæmi	4,0	534,6	538,6
Vestfjarðakjördæmi	0	792,2	792,2
Norðurlandskjördæmi vestra	0	367,3	367,3
Norðurlandskjördæmi eystra	12,8	552,2	565,0
Austurlandskjördæmi	0	869,1	869,1
Samtals	35,1	3 735,6	3 770,7

Þjóðbrautir 1. janúar 1979

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	5,7	1 119,5	1 125,2
Reykjaneskjördæmi	0	183,2	183,2
Vesturlandskjördæmi	38,0	824,9	862,9
Vestfjarðakjördæmi	9,0	530,9	539,9
Norðurlandskjördæmi vestra	26,9	727,6	754,5
Norðurlandskjördæmi eystra	4,4	639,2	643,6
Austurlandskjördæmi	11,9	576,4	588,3
Samtals	95,9	4 601,7	4 697,6

Fskj. 2.4—01.

Skrá yfir óbrúaðar ár, lengd 4—10 m, á þjóðvegum 1. janúar 1979.

Kjördæmi	Vegur		Á	Fjöldi í kjörd.
	Nr.	Nafn		
Suðurland	52	Uxahryggjavegur	Sæluhúskvísl	
—	268	Þingskálavegur	Næfurholtslækur	
—	—	—	Höfðalækur	
—	308	Hamarsvegur	Skurður hjá Skógsnesi	
—	365	Gjábakkavegur	Vallaá	5
Reykjanes	41	Reykjanesbraut	Kópavogslækur	
—	—	—	Hraunholtslækur	
—	—	—	Setbergslækur	3
Vesturland	576	Framsveitarvegur	Hjarðarbólsá	1
Norðurl. v.	752	Skagafjarðarvegur	Hrútagil	
—	762	Sæmundarhlíðarvegur	Skarðsá	2
Norðurl. e.	1	Norðurlandsvegur	Hrossadalsá	
—	85	Norðausturvegur	Hestmalarós	
—	802	Ólafsfjarðarv. eystri	Kálfsá	3
Austurland	912	Hlíðarvegur	Hellisá	
—	939	Axarvegur	Innri Víná	
—	—	—	Ytri Víná	
—	—	—	Grjótá	
—	—	—	Selá	
—	953	Mjóafjarðarvegur	Þverá	
—	—	—	Króará	
—	—	—	Innri Hesteyrará	
—	—	—	Ytri Hesteyrará	9
				Alls 23

Skrá yfir óbrúaðar ár, lengd \geq 10 m, á þjóðvegum 1. janúar 1979.

Kjördæmi	Vegur		Á	Fjöldi í kjörd.
	Nr.	Nafn		
Suðurland	349	Þórsmerkurvegur	Jökulsá	
—	—	—	Seljadalsá	1
—	—	—	Krossá	
—	34	Eyrbakkavegur	Ölfusá	4
Reykjanes	431	Hafravatnsvegur	Seljadalsá	1
Vesturland	1	Vesturlandsvegur	Borgarfjörður	
—	592	Skorrvíkurvegur	Skorrvíkúrá	2
Norðurl. v.	722	Vatnsdalsvegur	Vatnsdalsá hjá Undirf.	
—	743	Laxárdalsvegur	Norðurá	
—	754	Héraðsdalsvegur	Héraðsvötn hjá Flatat. ...	3
Norðurl. e.	802	Ólafsfjarðarv. eystri	Fjarðará hjá Hóli	1
Austurland	943	Hjaltastaðavegur	Bjarglandsá	
—	—	—	Jökulsá	2
				Alls 13

Fskj. 2.4.—03.

Byggingarár	Aldur brúa, 10 m og lengri	
	Fjöldi brúa	Reiknað álag
1906—1909	2	Mannþröng 400 kg/m ²
1910—1919	15	— —
1920—1929	38	Mannþröng 400 kg/m ² eða vagn 6 tonn
1930—1939	92	— —
1940—1949	107	Mannþröng 400 kg/m ² eða vagn 6—20 tonn
1950—1959	245	Vagn 20—34 tonn
1960—1969	180	— —
1970—1978	144	Vagn 20—63 tonn
Samtals	823	

Fskj. 2.6.—01.

	Sýsluvegir 1. janúar 1979						
	Óakf. km	Samkv. a—c lið 19. gr.			Samkv. d—e lið 19. gr. km	Sýsluv. alls km	
Rutt km		Lagt km	Alls km				
V.-Skaftafellssýsla		16,8	121,3	138,1	4,5	142,6	
Rangárvallasýsla		9,2	228,0	238,1	64,3	302,4	
Árnessýsla		1,6	308,3	309,9	7,7	317,6	
							762,6
Gullbringusýsla		2,0	4,6	6,6		6,6	
Kjósarsýsla		7,0	69,7	76,7		76,7	
							83,3
Borgarfjarðarsýsla		5,9	79,5	85,4	4,0	89,4	
Mýrasýsla	0,7	28,6	107,5	136,8	28,4	165,2	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	14,2	108,9	124,8	28,5	153,3	
Dalásýsla	7,2	19,2	53,1	79,5	13,0	92,5	
							500,4
A.-Barðastrandarsýsla ...		15,7	16,4	32,1	61,2	93,3	
V.-Barðastrandarsýsla ...	1,7	7,5	38,0	47,2	42,3	89,5	
V.-Ísafjarðarsýsla		17,5	32,6	50,1	63,4	113,5	
N.-Ísafjarðarsýsla	0,6	17,2	23,7	41,5	43,5	85,0	
Strandasýsla		11,5	40,9	52,4	99,1	151,5	
							532,8
V.-Húnavatnssýsla	0,6	15,0	105,3	120,9	43,1	164,0	
A.-Húnavatnssýsla	1,6	14,4	86,4	102,4	10,8	113,2	
Skagafjarðarsýsla	11,7	42,8	144,9	199,4	6,9	206,3	
							483,5
Eyjafjarðarsýsla	3,1	13,5	100,8	117,4		117,4	
S.-Þingeyjarsýsla	11,8	41,5	134,2	187,5		187,5	
N.-Þingeyjarsýsla	24,6	59,3	73,2	157,1		157,1	
							462,0
N.-Múlasýsla	0,2	74,3	140,3	214,8	21,1	235,9	
S.-Múlasýsla	0,2	44,7	88,0	132,9	25,3	158,2	
A.-Skaftafellssýsla	0,9	19,2	50,2	70,3	22,4	92,7	
							486,8
Samtals	66,6	498,6	2 156,7	2 721,9	589,5		3 311,4

Fskj. 2.7.—01.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1979

Kjördæmi	Bundið slitlag m	Án slitlags m	Samtals m
Suðurlandskjördæmi	9 280	5 125	14 405
Reykjaneskjördæmi	19 683	6 822	26 505
Reykjavík	25 085	10 390	35 475
Vesturlandskjördæmi	7 208	5 455	12 663
Vestfjarðakjördæmi	5 549	8 671	14 220
Norðurlandskjördæmi vestra	7 460	4 082	11 542
Norðurlandskjördæmi eystra	6 570	8 000	14 570
Austurlandskjördæmi	18 898	3 935	22 833
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	99 733	52 480	152 213